

Siðareglur ÍSS

ÍSS starfar eftir siðareglum ÍSí og ISU. Í samræmi við þær siðareglur setur stjórn siðareglur ÍSS.

Þessar siðareglur eiga við um stjórn ÍSS, aðildarfélög og stjórnir þeirra, starfsmenn, sjálfboðaliða, keppendur, þjálfara, foreldra og hvern þann sem kemur að viðburðum og starfsemi listskauta og er þeim skylt að fara eftir þeim.

Kynntu þér og tileinkaðu þér siðareglur sem hér er að finna. Komdu fram af fullkomnum heilindum og láttu framkomuna endurspegla viðhorf þitt til grundvallarreglna og markmiða Skautasambands Íslands.

1. Lestu og kynntu þér reglur ÍSS og láttu framkomu og hegðun endurspegla þær
2. Hafðu að leiðarljósi heiðarleika, hlutleysi og sanngirni í samskiptum innan íþróttarinnar
3. Sýndu fordæmi með íþróttamannslegri hegðun og gagnkvæmri virðingu.
4. Með þátttöku á viðburðum íþróttarinnar fylgir einnig rík ábyrgðarskylda.
Á íþróttaviðburði er óheimilt að:
 - Neita eða hafa í fórum sér fíkniefni
 - Taka beint eða óbeint þátt/aðstoða við brot á lyfjareglum eða annarri brotlegri hegðun. Með slíkri hegðun er komið óorði á íþróttina og sýnir að auki ungum einstaklingum slæmt fordæmi.
5. Sýndu ávallt virðingu gagnvart skauturum, þjálfurum, sjálfboðaliðum og starfsfólki. Innan íþróttarinnar er meirihluti iðkenda á mótunarárnum sínum og skal því hafa aðgát í nærveru sálar að leiðarljósi.
6. Verandi hluti af viðburðum íþróttarinnar tekur viðkomandi þátt í mótun og ímynd listskauta út á við og skal því hafa sér eftir því. Viðkomandi gerir sér grein fyrir að hvort heldur sem jákvæð eða neikvæð orðræða og hegðun þ.m.t. á samfélagsmiðlum hefur áhrif á ímynd íþróttarinnar sem hann starfar innan.
7. Ekki skal misþjóa virðingu og sanngirni einstaklinga á forsendum kynferðis, þjóðernis, kynþáttar, litarhafts, menningar, tungumáls, trúarbragða, kynhneigðar og skoðana.
8. Með öllu er óheimilt að taka við eða gefa gjafir ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Að sama skapi er ekki heimilt að þiggja gjafir í skiptum fyrir greiða sem af hlýst brot á siðareglum.
9. Óheimilt er að stunda veðmál innan íþróttarinnar í tengslum við keppnishald eða viðburði sem tengjast listskautum.
10. Sýndu hlutleysi í samskiptum. Komi upp hagsmunaárekstur vegna máls sem tengist beint persónulegum málum skal viðkomandi draga sig úr umræðu, mati eða kosningu þess málefnis sem um ræðir.
11. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald. Hvorki með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti
12. Sem sérfræðingi innan íþróttarinnar er heimilt að taka þátt í opinberri umræðu í fjölmiðlum ef umfjöllunin er hluti af stærri viðburði sem og ef viðkomandi gerir sér grein fyrir að mikilvægt er að ræða íþróttina í jákvæðu og uppbyggilegu ljósi á hlutlausan hátt þar sem þess er gætt að ekki hallar á einn fremur en annan.
13. Sem fulltrúi sambandsins og íþróttarinnar almennt gerir viðkomandi sér grein fyrir að gerist hann brotlegur á siðareglum ÍSS getur það haft áhrif á mat til frekara samstarfs.

Siðareglur byggja á heiðarleika og siðferði hvers einstaklings sem reglurnar eiga við um. Brot á siðareglum skal vísað til Siðanefndar ÍSS til frekari skoðunar.